



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

LOS ANGELES
REYKJAVÍK

LEILA JOSEFOWICZ



3. OKTÓBER 2017

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verða sendir út sunnudaginn 8. október kl. 16:05 á Rás 1.

Áætluð tímalengd:

Valse triste: 5'

Fiðlusónata: 30'

Einleikssónata: 10'

Road Movies 16'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



KAMMERTÓNLEIKAR Í NORÐURLJÓSUM

LEILA JOSEFOWICZ

Leila Josefowicz
einleikari

John Novacek
meðleikari

EFNISSKRÁ

Jean Sibelius/ úts. Friedrich Hermann

Valse triste, op. 44 nr. 1 (1903)

Sergej Prokofiev

Fiðlusónata nr. 1 í f-moll (1938–46)

Andante assai

Allegro brusco

Andante

Allegrissimo - Andante assai, come prima

Hlé

Bernd Alois Zimmermann

Sónata fyrir einleiksfíðlu (1951)

I. Präludium. Andante sostenuto

II. Rhapsodie. Allegro moderato, risoluto

III. Toccata. Allegro risoluto

John Adams

Road Movies (1995)

I. Relaxed Groove

II. Meditative

III. 40% Swing

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



LEILA JOSEFOWICZ

EINLEIKARI

Kanadíski fiðluleikarinn Leila Josefowicz nýtur virðingar sem einn helsti fiðluvirtúós samtímans. Hún hefur lagt mikla rækt við nútímatónlist og hefur á því sviði starfað með helstu tónskáldum, hljómsveitum og hljómsveitarstjórum víða um heim. Meðal tónskálda sem samið hafa sérstaklega fyrir hana eru John Adams, Esa-Pekka Salonen, Colin Matthews og Steven Mackey. *Scheherazade.2* (dramatísk sinfónía fyrir fiðlu og hljómsveit) eftir John Adams, sem Josefowicz flytur ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á fimmtudaginn kemur, var frumflutt af henni og Fílharmoníuhljómsveitinni í New York árið 2015 og þá frumflutti hún einnig *Duende - The Dark Notes* eftir Luca Francesconi árið 2014 en verkið hljómaði einnig í túlkun hennar á BBC-Proms árið eftir.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Leila Josefowicz leikur nú í fyrsta sinn í Hörpu en hún hefur tvisvar áður verið gestur Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Í fyrri heimsókn sinni haustið 2004 lék hún fiðlukonsert eftir John Adams undir stjórn Rumons Gamba og hann stjórnaði einnig flutningi hljómsveitarinnar í fiðlukonserti Beethovens fimm árum síðar með Leilu Josefowicz á einleikarapallinum. Báðir þessir tónleikar fóru fram í Háskólabíói.

Leila Josefowicz leikur reglulega með þekktustu hljómsveitum heimsbyggðarinnar. Má þar nefna Fílharmoníuhljómsveitirnar í Berlín, Helsinki og Los Angeles, Tonhalle-hljómsveitina í Zürich og sinfóníuhljómsveitir breska útvarpsins BBC. Þá lék hún *Scheherazade.2* eftir John Adams með Lundúnarsinfóníunni í London, París og Dijon í Frakklandi í lok síðasta árs.

Leila Josefowicz hefur starfað með píanóleikaranum John Novacek síðan 1985 og ferðast þau árlega víða um heiminn. Á þessu starfsári eru viðkomustaðir þeirra utan Reykjavíkur meðal annars Leeds, Chicago, San Francisco og Halifax í Nova Scotia að ógleymdum stöðum á borð við Zankel Hall í New York og Wigmore Hall í London.

Josefowicz hefur leikið inn á fjölda hljómdiska m.a. fyrir Deutsche Grammophon, Philips/Universal og Warner Classics. Nýjasta hljóðritun hennar, þar sem hún lék fyrrnefnt verk Adams *Scheherazade.2* með Sinfóníuhljómsveitinni í St. Louis, kom út í fyrra og var tilnefnd til Grammy-verðlauna. Það sama gildir um upptöku hennar á fiðlukonserti Esa-Pekka Salonen sem hún lék með Finnsku útvarpshljómsveitinni undir stjórn höfundar árið 2014.



JOHN NOVACEK


MEÐLEIKARI

Bandaríski píanóleikarinn, tónskáldið og útsetjarinn John Novacek er eftirsóttur meðleikari og hefur leikið með fjölmörgum þekktum tónlistarmönnum, þar á meðal Josuha Bell, Matt Haimovitz, Cho-Liang Lin, Yo-Yo Ma, Truls Mörk að ógleymdri Leilu Josefowicz. Þá starfar hann reglulega með þekktum strengjakvartettum og ferðast víða með í píanótríóinu Intersection en tríóið skipa auk hans fiðluleikarinn Kaura Frautschi og sellistinn Kristina Reiko Cooper. Novacek hefur í gegnum tíðina tekið þátt í frumflutningi fjölda verka og unnið náið með þekktum tónskáldum, þar á meðal John Adams og John Williams.

Novacek hefur leikið í helstu tónleikahúsum vítt og breitt um Bandaríkin, Evrópu og Japan og er tíður gestur á tónlistarhátíðum austan hafs og vestan. Þá hefur hann komið fram í vinsælum útvarps- og sjónvarpsþáttum í heimalandi sínu.

Tónsmíðar og útsetningar Johns Novacek hafa verið leiknar af Pacific-sinfóníunni, Harrison-strengjakvartettinum, Quattro Mani og tenórnum þremur svo dæmi séu tekin. Hann hefur leikið inn á ríflega 30 hljómdiska sem innihalda bæði einleiks- og kammerverk tónskálda allt frá Bach til Bartóks auk fjölda nýrri verka. Nokkrar af þessum plötum hafa hlotið viðurkenningar, m.a. diskurinn *Road Movies* sem var tilnefndur til Grammy-verðlauna fyrir bestan kammertónlistarfluting árið 2004 og *Americana* sem títaritið Gramophone heiðraði (Editor's Choice), en á þeim diskum leikur Leila Josefowicz ásamt Novacek. Meðal útgáfufyrirtækja þessara diska má nefna Philips, Sony/BGM og EMI Classics.

John Novacek hefur unnið til verðlauna í alþjóðlegum píanókeppnum sem kenndar eru við Leschitzky og Joanna Hodges. Hann stundaði píanónám í California State University í Northridge og er með Master of Music-gráðu frá Mannes College of Music í New York þar sem hann nam píanóleik, kammermúsík og tónsmíðar.



JEAN SIBELIUS

VALSE TRISTE

Árið 1903 samdi Jean Sibelius (1865–1957) sex stutt verk fyrir leikrit mágs síns Arvids Järnfeld, *Kuolema (Dauði)*. Eitt þeirra bar yfirskriftina *Tempo di valse lente - Poco risoluto*. Sibelius endurskoðaði kaflann og var hann fluttur undir heitinu *Valse triste* 25. apríl 1904. Sló verkið þegar í gegn og hefur lifað sjálfstæðu lífi síðan.

Í leikritinu er valsinn leikinn sem baksvið eftirfarandi atburðar:

Það er nótt. Preyta hefur yfirbugað soninn sem vakti við sjúkrabeð móður sinnar. Smám saman breiðist rauðleit birta um herbergið - tónlist heyrir í fjarska - roðinn og tónlistin færir í aukana þar til ómur af valsi berst okkur til eyrna. Móðirin vaknar, rís upp úr rúminu sveipuð síðu klæði sem líkist ballkjól og byrjar að hreyfa sig fram og til baka. Hún veifar höndunum og gefur bendingar í takt við tónlistina, líkt og hún væri að kalla til sín fjölda ósýnilegra gesta. Og nú birtast þau, þessi sérkennilegu ímynduðu pör og líða um í takt við ójarðneskan valstakt. Deyjandi konan gengur inn í danshópin; hún reynir að fá óraunverulega gestina til að horfast í augu við sig en allir sem einn forðast augnarád hennar. Svo hnígur hún örmagna niður í rúmið og tónlistin hættir. Nær samstundis safnar hún öllum sínum kröftum og stígur dansinn á ný af meira kappi en fyrr. Dansararnir óraunverulegu birtast og hringsnúast í villtum takti. Þessi undarlegi gleðskapur nær hámarki - það er bankað á dyrnar sem fljúga upp á gátt - móðirin gefur frá sér örvæntingarfullt óp - draugalegir gestirnir hverfa - tónlistin deyr út. Dauðinn stendur í dyragættinni.

Þýski fiðluleikarinn, tónskáldið og útsetjarinn Friedrich Hermann (1828–1907) klæddi *Valse triste* í þann búning sem við heyrum í kvöld. Hermann lærði tónsmíðar m.a. hjá Niels Wilhelm Gade og Felix Mendelssohn og var um árabil konsertmeistari Gewandhaus-hljómsveitarinnar í Leipzig.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands lék *Valse triste* á tónleikum í Þjóðleikhúsinu 27. júní 1950. Stjórnandi var finnski hljómsveitarstjórinn Jussi Jalas en hann var tengdasonur Sibeliusar. Næst hljómaði verkið svo haustið 1969 á Borg í Grímsnesi og í Mosfellsbæ undir stjórn austurríska stjórnandans Alfreds Walter. Síðast lék hljómsveitin *Valse triste* á tónleikum í Háskólabíói í september 2008 í túlkun Petris Sakari.



SERGEJ PROKOFÍEV

FIÐLUSÓNATA NR. 1 Í F-MOLL

Sergej Prokofiev (1891–1953) var í hópi rússneskra tónskálda sem flýðu Sovétríkin eftir byltinguna 1917. Hann dvaldi í Bandaríkjunum og í Þýskalandi áður en hann settist að í París. Prokofiev var virtur og eftirsóttur píanóleikari og ferðaðist víða sem slíkur. Hann leit þó fyrst og fremst á sig sem tónskáld og gramdist hversu lítinn tíma hann hafði til tónsmíða.

Uppúr 1930 þegar syrta tók í álinn í kjölfar heimskreppunnar fór Prokofiev að líta hýru auga til heimalandsins og kom þar hvoru tveggja til heimþrá og tóverkapantanir frá Moskvu og Leningrad [St. Pétursborg]. Fluttist fjölskyldan endanlega til Moskvu árið 1936.

Á næstu tveimur árum mátti Prokofiev horfa uppá marga vini sína verða fyrir bardinu á ógnarstjórn Stalíns og í skugga þessara atburða byrjaði hann að semja fyrstu fiðlusónötu sína í f-moll árið 1938. Eftir að hafa lokið við 2. þáttinn lagði hann verkið til hliðar og einbeitti sér að tónlistinni við kvikmynd Eisensteins um Alexander Nevsky. Fimm ár liðu þangað til að hann reyndi sig aftur við sönötuna en núna vék hún vék fyrir fimmtu símfóníunni. Árið 1943 samdi Prokofiev síðan flautusönötuna í D-dúr og umritaði hana fyrir fiðlu árið eftir að undirlagi vinar síns, fiðluleikarans Davids Oistrakh. Fyrir hvatningu hans og hjálp, lauk Prokofiev loks við f-moll sönötuna sumarið 1946 og tileinkaði hana Oistrakh sem frumflutti hana þá um haustið.

Oistrakh minntist þess síðar að tónskáldið hefði sagt að hröðu skalarnir í 1. og 4. kaflanum ættu að hljóma eins og þytur vinds í kirkjugarði og bætti við: „Eftir athugasemd sem þessa fékk allt yfirbragð sönötunnar aðra og dýpri merkingu“. Yfirbragð sönötunnar er vissulega dökkt og nærtækt að ímynda sér að hún sé samin í minningu vina Prokofíevs og annarra þeirra fjölmörgu sem dauðinn tók á þessu dapra tímabili veraldarsögunnar.

Við jarðarför Sergejs Prokofíev léku David Oistrakh og Samuil Feinberg fyrsta og þriðja þátt f-moll sönötunnar.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fiðlusónata Prokofíevs nr. 1 hefur margoft hljómað á Íslandi.

Líklega var einn merkasti flutningur hennar hér þegar Igor Oistrakh, sonur Davids sem verkið er tileinkað, lék hana ásamt píanistanum Vsevolod Petrushansky á tónleikum Tónlistarfélagssins í Austurbæjarbíói vorið 1967.




BERND ALOIS ZIMMERMANN

SÓNATA FYRIR EINLEIKSFIÐLU

Bernd Alois Zimmermann (1918–1970) fæddist í Bliesheim sem er lítill bær í nágrenni Kölnar. Hann innritaðist í Tónlistarháskólann í Köln árið 1938 en var kallaður í herinn árið eftir. Premur árum síðar var hann leystur undan herþjónustunni af heilsufarsástæðum. Zimmermann lauk síðan prófum frá skólanum árið 1948. Það sama ár var verk hans *Konsert fyrir hljómsveit* frumflutt í Darmstadt. Árið 1957 varð hann fyrstur þýskra tónskálda til að hljóta styrk til dvalar í Villa Massimo í Róm þar sem hann byrjaði að semja óperu sína *Die Soldaten* sem í dag er líklega hans þekktasta verk. Zimmermann kenndi síðan tónsmíðar og leiðbeindi á námskeiðum í kvikmynda- og útvarpstónlist við Tónlistarháskólann í Köln þar sem Atli Heimir Sveinsson var í hópi nemenda hans 1959–63. Síðustu ár ævi sinnar helgaði hann stórvirki sínu *Requiem für einen jungen Dichter* (Sálumessa fyrir ungt skáld) sem er skrifað fyrir tvo sögumenn, tvo einsöngvara, litla djasshljómsveit, orgel, segulband og risastóra sinfóníuhljómsveit. Bernd Alois Zimmermann endaði líf sitt sjálfviljugur í ágúst 1970.

Þrátt fyrir að verkalisti Zimmermanns sé ekki ýkja langur, gegna verk hans lykilhlutverki í þýskri tónlistarsögu eftirstríðsáranna. Hann sökkta sér ekki aðeins niður í tólfónatækni og strangar framúrstefnuhugmyndir Darmstadt-skólans, heldur sameinaði þessi áhrif djass-elementum ásamt skírskotunum til eldri tónlistar á afar persónulegan hátt.

Sónata fyrir einleiksfíðlu frá árinu 1951 gefur góða innsýn í tónsmíðastíl Zimmermanns. Upphafsbátturinn, Präludium, er líkt og frásögn sem mælt er fram af miklum sannfæringarkrafti. Í öðrum þættinum, Rhapsodie, eru trillur áberandi. Í síðari hluta kaflans (risoluto) breytist hrynjandin og fær á sig yfirbragð eins konar glettu. Síðasti þátturinn, Toccata, er lengstur kaflanna. Hann fer fremur hægt af stað en færir í aukana og tekur stöðugt á sig nýjar myndir í viðburðaríkri framvindunni. Í heildina er sónatán einkar geðþekkt, litrík og glæsileg.



JOHN ADAMS

ROAD MOVIES

Road Movies eftir John Adams var frumflutt opinberlega í Kennedy Center, Washington DC þann 23. október 1995. Robin Lorentz lék á fiðluna en við flygilinn sat Vicky Ray. Um verkið segir tónskáldið: „Titillinn *Road Movies* er með öllu duttlungafullur, kannski sprottinn frá „stuðinu“ í píanópartinum sem á að vera leikinn með sveiflu (önnur og fjórða nóta í hverri fjögurra nótna röð er leikin örlítið seint).

Kafla I er afslöppuð ferð niður ekki ókunna götu. Efniviðurinn er endurtekinn í röð sem minnir á rondóform.

Kafla II er einföld hugleiðing um nokkur mótíf. Stök figúra í auðu eyðimerkurlandslagi.

Kafla III er eingöngu fyrir fjórhjóladrif, stór eilífðarvél að nafni „40% Swing“. Á nútíma MIDI-hljóðgervlum er hægt að stilla sveifluna með næstum fáránlegri nákvæmni. 40% sér okkur fyrir svimandi, hrossandi ferð, einhvers staðar á milli ragtime eftir Ives og lengri ferð Goodman-hljómsveitarinnar í kringum 1939. Það er mjög erfitt fyrir fiðluna og píanóið að halda sjó yfir þennan sjö mínútna kafla, sérstaklega í flóknum víxlhandarleik píanósins. Slakið á og látið okkur um keyrsluna.“

John Adams (f. 1947) er í röð þekktustu samtímatónskálda Bandaríkjanna. Tónmál sífónískra verka hans og óperu-tónsmíða, sem oftar en ekki eru byggðar á raunsonnum sögulegum grunni, er einstakt, litríkt og tjáningarþrungnið. Á verkalista hans sem spannar ríflega 30 ár er að finna verk sem eru í hópi þeirra nútímatónverka sem oftast hljóma í tónleikasölum á okkar tímum. Meðal þeirra eru *Harmonielehre*, *Shaker Loops*, *El Niño*, *Chamber Symphony* og *The Dharma at Big Sur*. Meðal annarra verka má nefna *On the Transmigration of Souls*, kórverk sem Adams samdi í minningu fórnarlamba hryðjuverkaárásanna 11. september 2001 en fyrir það fékk hann Pulitzer verðlaunin árið 2003. Þekktasta ópera hans er *Nixon in China* sem fjallar um opinbera heimsókn Richards Nixon til Kína árið 1972.

Nýjasta verk Adams er *Scheherazade.2* sem hljómar hér í Eldborg á fimmtudaginn kemur.

Sigurður Ingui Snorrason

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

John Adams átti fyrst verk á efnisskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands 25. nóvember 1999 en þá stjórnaði bandaríski hljómsveitarstjórinn Anne Manson *The Chairman dances* í Háskólabíói. Árið 2001 stjórnaði Bernharður Wilkinson hljómsveitinni í tónverkinu *Loolapalooza* og ári síðar *Short Ride in a Fast Machine* en þann leik endurtók hann með hljómsveitinni í Háskólabíói 2009 og í Hörpu 2012. Leila Josefowicz lék fiðlukonsert Adams 2004 eins og áður er getið en síðast hljómaði hljómsveitarverk Johns Adams, *Doctor Atomic Symphony*, í Eldborg í febrúar 2014. *Road Movies* hefur a.m.k. einu sinni áður heyrst hér á landi, á tónleikum Huldu Jónsdóttur og Mathiasar Halvorsen í Hannesarholti fyrr á þessu ári.

FIN **05** OKT 19:30

LA/REYKJAVÍK



Í haust eru liðin 50 ár frá því að fyrst var efnt til kóræfingar í Menntaskólanum við Hamrahlíð undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur. Hamrahlíðarkórarnir hafa átt farsælt samstarf með Sinfóníuhljómsveit Íslands allt frá árinu 1975 og í tilefni afmælisins flytja kórarnir Sálmasinfóníu Stravinskíjs sem margir telja eitt helsta verk 20. aldar fyrir kór og hljómsveit. Tær og bjartur tónn kóranna hentar verkinu fullkomlega enda verkið samið fyrir ungar raddir. Einnig hljómar á tónleikunum nýr fiðlukonsert eftir John Adams með hinum heimsfræga fiðluleikara Leilu Josefowicz, en hljóðritun hennar af verkinu var tilnefnd til Grammy-verðlauna 2016.

SUN **08** OKT 17:00

KAMMERTÓNLEIKAR

CALDER STRENGJAKVARTETTINN



Calder-kvartettinn frá Los Angeles er einn fremsti strengjakvartett Bandaríkjanna og hlaut hin virtu Avery Fisher-verðlaun árið 2014. Á efnisskránni verður tónlist eftir tvo höfunda sem búsettir eru í Los Angeles, hljómsveitarstjórnann heimsfræga Esa-Pekka Salonen og bandaríska tónskáldið Andrew Norman sem vakið hefur mikla athygli undanfarin ár. Einnig hljómar nýlegt verk sem Daníel Bjarnason samdi fyrir Calder-kvartettinn og Daudinn og stúlkan eftir Schubert. Tónleikarnir eru haldnir í samstarfi við Kammermúsíkkúbbinn.

FIN **12** OKT 19:30

HOLLYWOOD/REYKJAVÍK



Á þessum tónleikum verður gægst í gullkistu kvikmynda- tónlistar frá Hollywood. Þar er af nógu að taka: Ben-Húr, Brúin yfir ána Kwai, Gone with the Wind og Breakfast at Tiffanys, auk þess sem leikin verða stef úr myndunum Súperman og Stjörnustríð eftir hinn sívinsæla John Williams. Hljómsveitarstjórinn Richard Kaufman hefur áratuga reynslu af störfum í Hollywood þar sem hann stjórnar tónlist fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti auk þess að koma fram með leiðandi hljómsveitum Bandaríkjanna.



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Mæðginin Ágústa María Jónsdóttir og Stefán Jón Bernharðsson eru hluti af mikilvægri heild.



Stefán Jón: Ég var auðvitað *alveg grænn* fyrst þegar ég byrjaði í sveitinni fyrir fimmtán árum síðan.

Ágústa: Já, en þetta vandist fljótt og ætli þetta hafi ekki snúist við í dag, þú alir mig upp. Það er allavega **stuðningur** í því að vinna með fjölskyldumeðlimum.

Sagt er að ákveðnar manngerðir leiki á viss hljóðfæri, eða skyldu hljóðfærin á einhvern hátt hafa mótandi áhrif á manneskjurnar?

Að sitja inni í miðri hljómsveit þegar allt er komið á fulla ferð er merkileg upplifun sem Ágústa María Jónsdóttir þekkir vel. Hún kom til starfa í

Sinfóníuhljómsveit Íslands undir lok áttunda áratugarins. Tónlistarnámið stundaði hún hér heima og í sjálfri háborg tónlistarinnar, Vín í Austurríki, þar sem menn á borð við Mozart og Beethoven sömdu verk sín forðum daga. Þó að fiðlan sé í öndvegi í símfónískum tónverkum eru hornin

engu að síður meðal glæsilegustu hljóðfæra símfóníuhljómsveitar og einn tónlistarmannanna sem blæs í þau er Stefán Jón, sonur Ágústu.

Það er gott að vita að í hljómsveitinni komi kynslóðirnar saman með eitt markmið – að þjóna tónlistargyðjunni.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is